

**Nr. 17-028 S 018 Leynir****Efnaslys**

*Skipaskr.nr.* 2396  
*Útgerð:* Faxaflóahafnir sf.  
*Smíðaður:* Holland 2000, stál  
*Stærð:* 43,7 brl. 42 bt.  
*Mesta lengd:* 16,41 m *Skráð lengd:* 15,25 m  
*Breidd:* 5,26 m *Dýpt:* 2,51 m  
*Vél:* Caterpillar 672 kW, 2000  
*Fjöldi skipverja:* 3



Leynir©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 18. ágúst 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. mars 2017 var dráttarbáturinn Leynir við störf í Reykjavíkurhöfn. Veður: SSV 5 m/s.

Þegar gangsetja átti Leyni til að fara að sinna verkefni innan hafnar var mikill lykt í vélarúmi bátsins. Kom í ljós að rafgeymar tóku of mikla hleðslu eða um 80 amper sem var 50-60 amper meira en venjulega. Vélstjórinn fór síðar um daginn að fjarlægja rafgeymana úr vélarúminu en við það fékk hann sýrugufu í andlitið. Daginn eftir leitaði hann læknaaðstoðar eftir uppköst, höfðuðverk og þrekleysi.

**Við rannsókn kom fram:**

- að átta neyslurafgeymar voru í bátnum paraðir tveir og tveir saman;
- að einn rafgeymirinn tók mikinn straum og hitnaði mikið;
- að rafgeymarnir voru fimm til sex ára gamlir;
- að vélstjórinn var með öryggisgleraugu við verkið;
- að skipt var um tvo rafgeyma og settir þurrgeymar.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsókna.